Kópavogsbær

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Málsnr: 24111893

Dags. 24. janúar 2025.

Á fundi velferðarráðs 25. nóvember 2024 lagði Erlendur Geirdal áheyrnarfulltrúi Samfylkingarinnar í Velferðarráði fram fyrirspurn:

„Mikil og vaxandi þörf er í samfélaginu fyrir þjónustu við fólk með heilabilun og nú eru 60 manns á biðlista eftir þjónustu hjá Seiglunni á St. Jósefsspítala, sem er fyrsta úrræði fyrir fólk sem er skammt á veg komið í sínum heilabilunarsjúkdómi. Mun Kópavogsbær koma til móts við þessa þörf með því að leggja til húsnæði fyrir dagþjónustu við einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm?“

Dagþjónusta eða dagþjálfun aldraðra fellur undir opna öldrunarþjónustu og er skilgreind sem stuðningsúrræði við þau sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í Kópavogi eru starfandi í dag þrjár dagþjónustur, Hrafnista rekur 30 rýma dagþjónustu í Boðaþingi, Vígdísarholt býður upp á 30 rýma dagþjónustu í Sunnuhlíð og loks starfrækir Kópavogsbær 20 rýma dagþjónustu fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma í Roðasölum.

Í kjölfar lokunar hjúkrunarhluta Roðasala er ljóst að meira rými skapast fyrir dagþjónustuna sem þegar er starfrækt, bæði til þess að bæta aðstöðuna sem fyrir er sem og að fjölga dagþjónusturýmum um 10. Slík áform eru ekki í fjárhagsáætlun ársins 2025 en samræmast hins vegar vel velferðarstefnu Kópavogs þar sem stefnt er að uppbyggingu dagþjónusturýmum í Kópavogi. Engar viðræður hafa farið fram við Heilbrigðisráðuneytið um slíka stækkun en ljóst er að fjölgun rýma myndi einnig samræmast aðgerðaáætlun Heilbrigðisráðuneytisins um þjónustu við einstaklinga með heilabilun.

Starfsfólk velferðarsviðs hefur það að markmiði að veita sem besta þjónustu til notenda þjónustunnar og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður með viðeigandi stuðningi. Efling og stækkun dagþjónustunnar í Roðasölum myndi því styðja vel við markmið velferðarstefnu Kópavogs, aðgerðaáætlunar stjórnvalda um þjónustu við einstaklinga með heilabilun ásamt markmiðum og metnaði starfsfólks velferðarsviðs Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026